

Subject: FW:

Alþingi
Erindi nr. P 120/666
komudagur 13.12.2002

-----Original Message-----

From: franz@akureyri.is [mailto:franz@akureyri.is]
Sent: 12. desember 2002 21:36
To: Hjalmar Arnason; kjul@akureyri.is
Subject:

Sæll Hjalmar.

Undirritaður telur að það sé nauðsynlegt að orkufyrirtæki á borð við Norðurorku breyti rekstrarformi sínu í hlutafélagsform vegna þess að þessi starfssemi á betur heima í því umhverfi en í formi stofnunar. Þessi fyrirtæki eru og hafa lengi verið þess eðlis að þau eiga fremur samleið með hinum almenna markaði en opinberum rekstri bæjarfélaga og ríkis. Til þessa liggja ýmsar ástæður m.a. sú að væntanlegar breytingar á lagaumhverfi, þar sem nokkur samkeppni er leyfð, gera það óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi. Í kynningu á þessari breytingu, sem farið hefur fram á mörgum fundum með starfsmönnum og fulltrúum stéttarfélaga hefur það komið skýrt fram að Norðurorka hyggst ekki á neinn hátt hafa áhrif á ákvarðanir starfsmanna, núverandi eða nýrra, til stéttarfélagsfélagsaðildar. Starfsmenn Norðurorku eru í nokkrum stéttarfélögum og miðast kjör þeirra við samninga viðkomandi félaga. Af um 45 manna starfsliði er um helmingur í Starfsmannafélagi Akureyrar (STAK), 8 eru í Rafiðnaðarsambandi Íslands, 6 í Eining- Iðja. 2 í Vélstjórafélagi Íslands og aðrir á tæknimanna samningum eða samningum forstöðumanna Akureyrarbæjar. STAK hefur nú þegar samþykkt breytingar á sínum samþykktum sem gera starfsmönnum mögulegt að vera þar áfram. Þetta er gert í fullu samræmi við vilja starfsmanna Norðurorku og forsvarmanna fyrirtækisins. Með þeim hætti hyggst félagið vernda hagsmuni sinna félagsmanna og jafnframt að tryggja þeim áframhaldandi félagsaðild að STAK. Núverandi kjarasamningar gilda til ársins 2005 og munu réttindi og skyldur framseljanda gagnvart öllum starfsmönnum færast yfir til Norðurorku hf. í samræmi við lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipi að fyrirtækjum sbr. lög nr. 72 8.maí 2002. Það er einlæg ósk mín að frumvarp um Norðurorku hf. nái fram að ganga því ég er þess fullviss að Norðurorku verði, til framtíðar, betur borgið sem hlutafélagi en í núverandi rekstrarformi.

Með góðri kveðju
Franz Arnason



Iðnaðarnefnd Alþingis
Hjálmar Árnason formaður

Akureyri 12. desember 2002

Efni: Vegna Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku.
(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

Í 7. gr. frumvarpsins er sagt að allir núverandi starfsmenn Norðurorku skuli eiga rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og skuli þeim boðin störf hjá Norðurorku hf., sambærileg þeim er þeir áður gegndu. Í frumvarpinu eru engin önnur ákvæði um réttarstöðu starfsmanna við rekstrarbreytinguna.

Greinargerðin með 7. gr. frumvarpsins er hins vegar mjög ítarleg. Þar er að finna vangaveltur og lýsingar á því hver staða starfsmanna verði eftir breytinguna án þess að séð verði að fyrir því sé nein stoð í frumvarpstextanum sjálfum. Þetta er áhyggjuefni því texti greinargerðarinnar verður ekki að lögum og hann hefur í raun takmarkað gildi ef engin stoð er í frumvarpstextanum fyrir því sem stendur í greinargerðinni.

STAK hefur enga möguleika á að gefa raunverulega umsögn um frumvarpið og greinargerðina á þeim skamma tíma sem gefst. Þá þarf sá skilningur að vera ljós að það séu ekki einungis þegar áunnin kjör sem haldist við formbreytinguna heldur haldi ávinnsla skv. gildandi kjarasamningi áfram.

Í félagslögum STAK þá hljóðar 2. gr. 1. mgr. svo.

„Félagið er stéttarfélag og skiptist í tvö hluta, opinberan hluta (O-hluti) og almennan hluta (A-hluta). Í O-hlutanum eru einstaklingar sem aðild eiga á grundvelli 1. til 3. töluliðs 3. gr. laga þessara. Í A-hlutanum eru einstaklingar sem aðildarrétt eiga á grundvelli 4. töluliðs 3. gr. laga þessara. Lög nr. 94/1986 gilda um starfsemi O-hluta félagsins við gerð kjarasamninga en lög nr. 80/1938 gilda um kjarasamningsgerð A-hluta. 3. gr. 4. málslíður. Einstaklingar sem starfa hjá stofnunum (fyrirtækjum) sem starfa í almanna þágu, enda hafi viðkomandi stofnun eða starfsemi áður verið á vegum sveitarfélags, ríkis eða sjálfseignarstofnunar.“

STAK lýtur svo á að það hafi hér með samningsumboð gagnvart þeim starfsmönnum sem nú eru við störf og að félagið telur mikilvægt að við nýráðningar gefist nýjum starfsmönnum Norðurorku kostur á að velja STAK sem sitt stéttarfélag þannig að endurnýjum verði meðal félagsmanna hjá Norðurorku.

Bókun II í kjarasamningi STAK og LN frá 29. júní 2001.

„Aðilar eru sammála um að nýtt starfsmatskerfi verði tekið í notkun 1. des. 2002 að aflokinni prófun og aðlögun. Samstarfsnefnd hefur yfirumsjón með því starfi, þ.á m. að fjalla um tengingu starfsmats og launa. Nefndin getur skipað undirnefndir til að vinna að framgangi þessara verkefna.“



Nýtt starfsmat getur leitt til allt að tveggja til fjögurra prósentna launahækkunar frá 1. des. 2002. Fram til þess tíma gilda ekki ákvæði kjarasamnings aðila um starfsmat og framkvæmd þess.

Við þessa kerfisbreytingu skal tryggt að enginn starfsmaður lækki í launum þrátt fyrir að í ljós komi að viðkomandi starfi hafi áður verið raðað hærra í launaflokk miðað við niðurstöðu röðunar á grundvelli nýs starfsmatskerfis.”

STAK hefur áhyggjur af framkvæmd og innleiðingu á starfsmatskerfi því sem hér hefur verið samið um og er hluti kjarasamnings sem gildir til 31. mars 2005. Þegar kerfið hefur verið tekið í notkun á að fara fram starfsmat á störfum og ef þau taka breytingum á samningstímanum þá eiga störfin að fá endurmat í umræddu starfsmatskerfi. Framm hafa komið þau viðhorf forráðamanna Norðurorku að kerfið verði ekki innleitt hjá Norðurorku hf..

Vinna vegna innleiðingar starfsmats hefur dregist úr hófi framm og sést ekki fyrir með hvað hætti eða hvenær niðurstaða næst í því máli.

Það er skilningur STAK að Norðurorka hf geti ekki dregið sig út úr þeirri vinnu og framkvæmd sem starfsmat hefur í för með sér.

Virðingarfyllst,

Arna Jakobína Björnsdóttir
formaður STAK

Afrit: Ögmundur Jónasson formaður BSRB